

49. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn á Hótel Selfossi, 23. maí kl. 12.00.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

1. Greinargerð Talnakönnunar hf., um undirmat og yfirmat í máli Auðsholts og Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 13. maí sl.

Til kynningar.

2. Staða pappírssöfnunar.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að nú væri hafin söfnun á drykkjarfernum og jafnframt að söfnunarstöðum hefði fjölgað verulega. Nú eru um 60 söfnunargámar á svæðinu en voru um 20 þegar söfnunin hófst fyrir réttur ári síðan.

Fyrirhugað er að dreifa sérstökum söfnunarílátum til almennings ásamt því að söfnunin verði auglýst rækilega.

3. Undirbúningur aðalfundar.

Farið var yfir dagskrá aðalfundar.

Karl lagði fram skýrslu formanns og framkvæmdastjóra sem verður flutt á aðalfundinum.

Rætt var um þau ágreiningsefni sem uppi eru um starfsemi stöðvarinnar.

Fundi slitið kl. 13.50.

Karl Björnsson.

Guðmundur Hermannsson.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.